
Menntaskólinn í Kópavogi Ársskýrsla 2018

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN
FERÐAMÁLASKÓLINN
LEIÐSÖGUSKÓLINN



Efnisyfirlit

	Bls.
Hlutverk	4
Markmið og stefna	5
Námsframboð og kennsla	6
Nemendafjöldi	6
Ársmemar í dag- og kvöldskóla	6
Fjöldi nema eftir námsbrautum	7
Helstu áherslur og markmið MK	8
Nýnemar eftir brautum	8
Hvaðan koma nýnemar?	9
Hvaðan koma bóknámsnemar?	9
Hvaðan koma nemar í verknám GMF og á framhaldsskólabraut?	10
Ástæður fyrir brotthvarfi	11
Brotthvarf eftir kyni	12
Stúdentar	13
Skipting stúdenta eftir grunnskólum Kópavogs, vor 2018	13
Skipting stúdenta eftir búsetu, vor 2018	13
Skipting stúdenta eftir grunnskólum Kópavogs, haust 2018	14
Skipting stúdenta eftir búsetu, haust 2018	15
Brautskráðir eftir brautum, fjölda og kyni, vor 2018	16
Brautskráðir eftir brautum, fjölda og kyni, haust 2018	16
Stúdentar eftir kyni, vor og haust 2018	17
Stöðugildi	18
Skipting kennara eftir kyni	19
Skipting eftir aldri og kyni	19
Leiðir til að vinna gegn brotthvarfi	20
Nemendur með greindan námsvanda	21
Öryggi í MK	22
Foreldrasamstarf	22
Forvarnarstarf	23
Félagslíf nemenda	24
Nýnemaferð	25
Fjölmenningsstefna	26
Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna	26
Mentor	26
Nám	27
Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur	28-29
Kennsla	30-31
Kennarar	32
Kennararáðningar	32
Stjórnun	33
Gæðastjórnun í Menntaskólanum í Kópavogi	34
Reglubundin verkefni í gæðakerfi MK	34-35
Innri úttektir	36-37
GÁMES - HACCP	38-39
Innlent samstarf	39
Sæmundur fróði	40
Námskeið Sæmundar fróða	41
Erlent samstarf	42
Erlendir styrkir, ferðir og fundir	42-43

Efnisyfirlit

Leiðsöguskólinn, vor 2018	44
Almennt kjörsvið	44
Gönguleiðsögn	45
Val- og endurmenntunarnámskeið	45
Svæðisleiðsögn	46
Leiðsöguskólinn, haust 2018	46
Ferðamálastólinn	47
Ferðamálastólinn, vor 2018	47
Ferðamálastólinn, haust 2018	48
Eitt og annað úr skólastarfi ferðamálastólans	48
Innlent samstarf ferðamálastólans	49
Sérverkefni skv. skólasamningi	50
Kennsla í Krýsuvík	50
Fjármál, rekstur, aðbúnaður	51
Fjarheimildir 2018	53
Rekstur 2018	55
Stjórnendur	56
Skólanefnd	56
Kennarar	57-60
Aðrir starfsmenn	61
Útskriftarnemar, dagskóli vor 2018	62
Útskriftarnemar, dagskóli haust 2018	63



Hlutverk

Menntaskólinn í Kópavogi starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Skipulag yfirstjórnar skólans skv. 1. grein reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007 er skilgreint í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára fyrir Menntaskólann í Kópavogi.

Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknáms-

brautum, kennsla á iðn- og verknámsbrautum, einkum í matvælagreinum, og kennsla ferðagreina í dagskóla og kvöldskóla, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.

Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara

nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfa þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar.

Í skólanámskrá mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.



Markmið og stefna

Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla. Skólinn kappkostar að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám.

Menntaskólinn í Kópavogi leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

Til að vinna að hlutverki og stefnu skólans hefur skólinn skilgreint eftirfarandi stefnuskjöl sem birt eru á heimasíðu skólans www.mk.is og í stjórnunarhandbók MK.

- Forvarnarstefna
- Gæðastefna
- Heilsustefna
- Jafnréttisstefna
- Menntastefna
- Starfsmannastefna
- Stjórnunarhættir
- Umhverfisstefna
- Upplýsingatæknistefna
- Vinnuverndarstefna
- Innkaupastefna
- Alþjóðastefna
- Fjölmenningarstefna
- Eineltis- og áreitnistefna

Jafnréttismál

Það er markmið skólans að vinna að jafnréttismálum og er haldin jafnréttisvika á hverju ári.

Menntaskólinn í Kópavogi hlaut Jafnréttisverðlaun Kópavogsbæjar árið 2006 og 2012.

Menntaskólinn í Kópavogi hlaut Jafnréttisverðlaun Jafnréttisráðs árið 2007.

Umhverfismál

Það er markmið skólans að vinna að umhverfismálum og er haldin umhverfisvika á hverju hausti. Menntaskólinn í Kópavogi fékk viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogsbæjar vegna „Framlags til umhverfismála“ árið 2013.

„Menntaskólinn í Kópavogi leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.“



Námsframboð og kennsla

Menntamálaráðuneytið staðfesti með samningi starfrækslu eftirtalinna námsbrauta við skólann á árinu 2018:	ALÞB Alþjóðabraut	Ekki var innritað á Alþjóðabraut á haustönn 2018
	MEI Meistaránám	Á starfsárinu 2018 fór ekki fram kennsla á eftirtöldum brautum:
GMF Grunndeild matvæla- og ferðagreina	MBA/MMA/MFR/MKÖ	
AP Nám fyrir aðstoðarþjóna	MS Matsveinanám	
BA9 Bakaraiðn	MT Matartækni	
FE Ferðamálanám	RGBR Raungreinabraut	AK Nám fyrir aðstoðarkokka
FGBR Félagsfræðabraut	ST3 Starfsbraut fyrir einhverfa	AP Nám fyrir aðstoðarþjóna
FRH1 Framhaldsskólabraut	VSBR Viðskipta- og hagfræðibraut	FFB Flugþjónustubraut
FR9 Framreiðsla	VSS Viðbótarnám til stúdentsprófs	KSK Nám í kjötskurði
GMV Grunnám matvæla- og veitingagreina	KÖ9 Kjötiðn	SL Slátrun
LE Leiðsögunám	SR Skrifstofubraut	SB Smurbrauðsnám
LN Listnámsbraut, tónlist	OPBR Opin braut	
MA9 Matreiðsla	Á haustönn var Skrifstofubraut SR kennd við Menntaskólann í Kópavogi.	

Nemendafjöldi

ÁR	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
DAGSKÓLI	1276	1343	1132	1211	1248	1238	1353	1204	1015	989	929
KVÖLDSKÓLI	257	112	102	109	111	121	117	109	108	100	76
FJARNÁM	30	36	52	37	55	40	35	30	0	0	0
SAMTALS	1563	1491	1286	1366	1414	1399	1505	1343	1123	1089	1005

Ársnemar í dag- og kvöldskóla

ÁR	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Ársnemar	1032	1115	1060	1121	1153	1124	1102	1092	1032	1012	961

Fjöldi nemenda eftir námsbrautum

Nemendafjöldi eftir námsbrautum í dagskóla og kvöldskóla á haustönn 2018

		2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
FRH	Almenn námsbraut FRH	28	42	45	41	48	47	49	58	58
BA9	Bakaraíðn	7	6	4	8	8	6	7	8	15
FE	Ferðamálanám	34	36	35	40	38	33	34	25	15
FGBR	Félagsfræðabraut	383	428	376	340	319	286	246	211	140
FR9	Framreiðsla	13	11	17	24	30	26	27	28	31
GMF	Grunnnám matvælagreina (AN3**) GMF*** GMV	117**	79	86	81	80	102***	64	85	36*
KÖ9	Kjötiðn	1	2	0	5	4	8	0	1	0
LE	Leiðsögunám	68	74	76	81	79	76	74	75	61
MA9	Matreiðsla	38	35	51	49	53	58	61	71	103
ALÞB	Málabraut - Alþjóðabraut	80	81	71	73	93	84	70	61	40
MSI	Meistaránám	30	37	38	26	32	50	55	57	59
MS	Matsveinanám	25	24	27	28	18	11	24	14	29
MT	Matartæknabraut	14	16	20	17	11	15	0	16	1
RGBR	Náttúrufræðibraut - Raungreinabraut	248	260	272	246	249	233	204	160	120
SR	Skrifstofubraut	76	112	134	115	101	55	0	0	17
ST	Starfsbraut	8	14	12	9	13	14	15	14	13
VSRB	Viðskipta- og hagfræðibraut	89	97	108	117	114	126	117	120	84
VI	Hagnýtt fjármála- og viðskiptanám	16	0	25	0	31	23	38	0	0
VSS	Iðnstúdentar	1	1	2	5	4	2	2	0	1
10.bek.	Grunnskólanemar	0	0	2	92	167	88	24	40	57
CR	Cesar Ritz	9	8	12	0	13	0	0	0	0
LN	Listnámsbraut	1	2	1	1	0	0	0	0	0
OPBR	Opin braut							12	45	125
	Samtals	1286	1366	1414	1399	1505	1343	1123	1089	1005

* Aðeins GMF frá hausti 2018

** AN3 reiknast með GN frá og með árinu 2010

*** GMF reiknast frá og með hausti 2015



Helstu áherslur og markmið MK Nemendur

Innritun

Umsóknir voru fleiri í ár en á síðasta ári.

Í bóknám sótti 171 nemandi, í grunndeild matvæla- og

ferðagreina 27 og endurinnritaðir 78.

Nýnemar eftir brautum haust 2018

GMF	27
FRH1	35
FGBR	23
APBR	4
RGBR	22
VSBR	26
OPBR	28
Sérdeild	6




Hvaðan koma nýnemar í MK

Hér má sjá hvaðan nýnemar á bóknámsbrautum koma í MK

Hér má sjá hvaðan nemendur á bóknámsbrautum koma, 68%

nýnema á bóknámsbrautum koma úr Kópavogi, 32% af

höfuðborgarsvæðinu og 10% af landsbyggðinni.




Hér má sjá hvaðan nýnemar á GMF koma í MK

Hér má sjá hvaðan nemendur á GMF grundeild matvælagreina koma. Athygli vekur hversu fáir koma af lands-

byggðinni miðað við að skólinn þjónar nemendum í matvælanámi á landsvísu. Skipting eftir búsetu á GMF er þannig að

26% nýnema koma úr Kópavogi, 62% af höfuðborgarsvæðinu og 11% af landsbyggðinni.




Hér má sjá hvaðan nýnemar á framhaldsskólabraut FRH 1 koma í MK

Hér má sjá hvaðan nemendur á framhaldsskólabraut FRH1

koma, 91% nýnema á framhaldsskólabraut koma úr Kópa-

vogi, 9% af höfuðborgarsvæðinu.




Ástæður fyrir brotthvarfi

Brotthvarf úr framhaldsskóla á sér langan aðdraganda. Ferlið hefst vanalega í grunnskóla og oft er orðið of seint að grípa inn í þegar nemandi kemur á framhaldsskólastig. Undanfarin ár hafa skimunarpróf verið


lögð fyrir alla nýnema en það var ekki gert í haust. Eins og á síðasta ári var upplýsingum um ástæður þess að nemendur flosna upp frá námi skipulega safnað. Stöðluð upplýsinga-söfnun sem þessi nær aldrei

alveg utan um alla möguleika en er þó viðleitni, sérstaklega ef einhverjar aðgerðir eða forvarnir eru með í spilinu. Meginorsök brotthvarfs í MK er „brottvísun úr skóla“ og „andleg veikindi“.

Ástæður fyrir brotthvarfi úr skóla vorönn 2018




Ástæður fyrir brotthvarfi úr skóla haustönn 2018




Brotthvarf eftir kyni 2018

Brotthvarf eftir kyni




Stúdentar vor 2018

Stúdentar úr grunnskólum Kópavogs




Stúdentar vor 2018

Skipting stúdenta eftir búsetu



Stúdentar haust 2018


Stúdentar úr grunnskólum Kópavogs



Stúdentar haust 2018


Skipting stúdenta eftir búsetu

Haust 2018, samtals 70 stúdentar




Brautskráðir, dagskóli

Brautskráðir, vor 2018 brautir, fjöldi og kyn




Brautskráðir, haust 2018 brautir, fjöldi og kyn




Brautskráðir, dagskóli eftir kyni

Stúdentar vor og haust 2018 eftir kyni




Stöðugildi




Skipting kennara eftir kyni

Kennarar MK, eftir kyni



Skipting kennara eftir aldri og kyni



Öryggi í MK

Í skólanum er starfandi öryggisnefnd sem skipuleggur brunaæfingar, er til taks ef slysbær að höndum og fylgist með að allar neyðarleiðir séu greiðfærar.

Öryggisnefndin er í samstarfi

við Vinnueftirlitið og Heilbrigðiseftirlitið sem framkvæmir árlega úttekt á skólanum.

Öryggishandbók skólans er á heimasíðu skólans og er hún kynnt starfsmönnum á árlegum

starfsmannafundi í upphafi skólaárs.

Áhættumat hefur verið gert fyrir skólann og er það vistað í rekstrarhandbók undir GAT-073.



Foreldrasamstarf

Forvarnar- og félagslífsfulltrúar eru í samstarfi við foreldrafélag MK.

Fulltrúi foreldra er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd.

Hlutverk foreldrafélags er að stuðla að aukinni velferð nemenda og vera meðvituð um starfsemi innan sem utan

veggja skólans. Farið var yfir verkferla bæði fyrir brot nemenda á reglum dansleikja og foreldraröls fyrir utan dansleiki á vegum skólans. Fjórðing var í sýnilegum vestum fyrir foreldra til að auka sýnileika þeirra fyrir utan dansleiki.

Skólinn leggur áherslu á að halda uppi góðu samstarfi við

foreldra og halda þeim upplýstum um það sem er í gangi í skólanum. Þannig fá allir forráðamenn barna á framhaldsskólabraut fréttabréf einu sinni í viku.

Allir forráðamenn fá send reglulega fréttabréf frá umsjónarkennurum skólans.

Leiðir til að vinna gegn brotthvarfi

Skólinn leitar leiða til að vinna gegn brottfalli nemenda. Stjórnendur, fjarvistarfulltrúi, námsráðgjafar og umsjónarkennarar vinna að því. Það er áhyggjuefni þegar nemendur flosna upp frá námi. Skólinn reynir að byrgja brunninn og vinna gegn brottfalli nemenda sinna. Umsjónarkennarar nemenda undir 18 ára fylgjast með nemendum og ástundun þeirra og taka viðtöl við nemendur. Einnig gera þeir foreldrum viðvart ef þurfa þykir. Fjarvistarfulltrúi fylgist með nemendum eldri en 18 ára. Námsráðgjafar fylgja eftir útskriftaræfnum bæði í bók – og verk-námi. Ef nemandi fer niður fyrir ákveðna fjarvistar-prósentu fær hann senda á-minningu úr INNU. Fjarvistarstjóri ræðir við nemendur sem ekki mæta nógu vel í skólann og hvetur þá til dáða. Hann vísar nemendum til náms- og starfsráðgjafa eftir því sem við á.

Námsráðgjafar eru í samvinnu við foreldra/forráðamenn margra nemenda sem standa höllum fæti. Samskiptin fara fram í viðtölum í skólanum, með símhringingum og tölvu-pósti. Foreldrar eru eindregið hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara og námsráðgjafa. Á foreldrafundi að hausti er þeim sýnt hvernig þeir geta fylgst með mætingum barna sinna í gegnum INNU.

Á kynningardegi nýnema að hausti er farið vel yfir mætingarkerfið með nemendum og þeim sýnt fram á hvernig slæ-leg mæting getur haft áhrif á framvindu náms.

Allir nýnemar skólans eru á fyrstu námsönn sinni í skólanum í einnar eininga áfanga með umsjónarkennara sínum þar sem nemanum er kennt að halda utanum nám sitt og fræddur um það sem skiptir máli varðandi námið og uppbyggingu námsferils síns.

Alltaf er einhver hópur nem-

enda sem er í hópráðgjöf en þar er lögð áhersla á góða skólasókn, ástundun í námi, námstækni, skipulag og eflingu sjálfsmyndar.

Nokkrir nemendur hitta námsráðgjafa reglulega til að vinna með námið og sjálfsmynd sína. Þeir koma þá í viðtöl á ákveðnum tímum þar sem þeir eru hvattir til dáða og fylgst er vel með námi þeirra.

Námsráðgjafar vinna með framtíðarsýn nemenda og leiðbeina þeim með kynningum á námsleiðum og störfum í samfélaginu.

Unnið er áfram með verkefnið NEMI í vetur og er árangur góður. Upphaflega var NEMA verkefnið tilraunaverkefni sem fest hefur sig í sessi. Um er að ræða einingabæran áfanga þar sem nemendur í brottfalls-hættu fá aðhlyningu náms- og starfsráðgjafa. Nemendur sinna heimanámi undir stjórn kennara. Samvinna nemenda foreldra og náms- og starfsráðgjafa hefur gefið góða raun.



Nemendur með greindan námsvanda

Nemendur með greindan námsvanda skila inn til náms- og starfsráðgjafa greiningu þar um. Greiningar eru skráðar í INNU svo kennarar geti séð hverjir eru með vanda og veitt nemendum hvatningu og sýnt skilning og tillitsemi. Allir nemendur skólans geta sjálfir metið hvort þeir þurfi lengdan próftíma. Þetta hefur reynt

vel. Nemendum stendur til boða talgervill sem les bæði íslensku og erlend mál.

Tækjakostur skólans er góður og geta nemendur fengið afnot af tölum með talgervli eftir þörfum. Hljóðbókasafn þjónustar nemendur með lesvanda og er samstarf við safnið gott. Náms- og starfsráðgjafar

leiðbeina nemendum eftir því sem kostur er til að þeir nýti möguleika sína sem best. Áfangakerfi með sveigjanleika hjálpar þeim sem þurfa að leggja harðar að sér. Námsver var í skólanum þar sem nemendur gátu sótt sér námsaðstoð en námsverið hefur verið lagt niður þar sem nemendur nýttu það ekki.



Forvarnarstarf

Forvarnir eru mikilvægar og hafa starfsmenn Menntaskólans í Kópavogi unnið að því markmiði að stuðla að bættri líðan allra innan veggja skólans. Á árinu 2018 gegndi Helena Halldórsdóttir hlutverki forvarnarfulltrúa og Jóhanna Aradóttir hlutverki félagslífsfulltrúa og vinna þær mjög náið saman.

Forvarnarfulltrúi hvetur nemendur og aðra starfsmenn til heilbrigðra lífshátta. Að hver og einn taki ábyrgð á eigin heilsu. Hvort sem það er innan veggja skólans eða á viðburðum á vegum skólans eins og nýnemaferð og dansleikjum. Félags- og forvarnarfulltrúar fylgja í nýnemaferð í Vatnaskóg sem unnin er í góðu samstarfi við stjórnendur og nemendafélag. Dansleikir á vegum skólans hafa vakið mikla

lukku og verið vinsælir meðal nemenda og þeirra gesta. Umgjörð dansleikja hefur verið í höndum nemenda og félags- og forvarnarfulltrúa.

Á forvarnardeginum unnu nýnemar verkefni sem Embætti landlæknis stóð fyrir. Í hádeginu kom gestur sem sagði frá slæmri reynslu sinni af vímuefnanotkun. Nemendafélagið ákvað ásamt félagslífs- og forvarnarfulltrúum að láta 200 kr. af miðaverði tyllidagadansleiks renna í Minningar-sjóð Einars Darra. Í framhaldi af gestafyrirlestri afhentu fulltrúar nemendafélagsins aðstandendum Einars Darra heitins það sem safnaðist.

Áfanginn Læsi fékk til sín nokkra gestafyrirlesara, þar á meðal Ástráð, kynfræðslufélag læknanema sem ræddi um

heilbriggt og öruggt kynlíf. Hugrún, geðfræðslufélag fræddi nemendur um geðheilbrigði og geðsjúkdóma. Bjargráður, félag læknanema sem kenndu nemendum fyrstu hjálp. Einnig var farið í aðra mikilvægi þætti sem stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði nemenda eins og sjálfsmynd, næringu o.fl. til að auka skilning á eigin líðan og annarra í sínu nærsamfélagi.

Forvarnar- og félagslífsfulltrúar sóttu þrjá fyrirlestra á síðasta skólaári. Tvo fyrirlestra hjá Náum áttum, fyrri fyrirlestur fjallaði um lyfjanotkun ungmenna og sá síðari um vímuefnavanda ungmenna. Síðan var farið á fræðslunámskeið um rafsígarettur hjá Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins.



Félagslíf nemenda

Félagslíf skólans hefur verið í miklum vexti. Það eru alltaf fleiri og fleiri virkir þátttakendur sem taka þátt í að skapa skemmtilegt félagslíf í skólanum. Stjórn NMK og nefndir á vegum félagsins hafa lagt sig fram við að hafa félagslífið fjölbreytt og skemmtilegt og þeim til stuðnings er Jóhanna Aradóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur sem starfar sem félagslífsfulltrúi í skólanum.

Nemendafélagið stóð fyrir fjórum dansleikjum á árinu og fóru þeir að mestu leyti vel fram. Myrkramessa er fyrsti ball ársins og var hún óvenjustór og vegleg þetta ár. Árshátíð var haldin þar sem nemendur og starfsmenn skólans komu saman og áttu góða stund. Hefð hefur verið fyrir því að maturinn sé framreiddur og borinn fram af nemendum í matreiðslu, bakstri og framreiðslu, en matseðillinn er ákveðinn í samvinnu milli nemenda í þessum greinum og stjórnar NMK.

Nýnemadagur og nýnema-ball var haldið í byrjun september. Tyllidagar í

október hafa vakið mikla lukku. Þetta árið var þema daganna, iðnaður. Dag-skráin hafði skemmtilegan iðnaðarblæ þar sem sást vel hjá bæði nemendum og starfsmönnum hvað er mikið af fjölbreyttum iðngreinum. Kraftur, stuðningsfélag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur kom á tyllidaga. Félagið var með kynningar bás þar sem boðið var upp á að perla með Krafti. Nemendur peruðu armbönd sem Kraftur nýtir svo til fjáröflunar. Vakti þessi stöð mikla lukku og gáfu fjölmargir sér tíma til að perla eitt eða fleiri armbönd og fengu kynningu á starfinu í leiðinni.

Sýning leikfélagsins í ár var talsvert umfangsmeiri en síðustu ár. Sett var upp leikritið Hairspray. Stór hópur nemenda koma að verkefninu og þeim til stuðnings voru þrír kennarar, þau Ólafur Þór Þorsteinsson, Sigrún Óskarsdóttir og Ólöf Björg Kristjánsdóttir. Leikstjóri var Stefán Benedikt Vilhelmsson og sýnt var í Gaflaraleikhúsinu. Mikil

ánægja var með leiksýninguna og á hópurinn sem kom að henni mikið hrós skilið fyrir vinnu sína að henni.

Auk þessara viðburða var haldin fjöldinn allur af öðrum uppákomum. Urpið, söngkeppni var haldin í Bæjarbíó í Hafnarfirði í febrúar og í framhaldi af því keppti Haraldur Arngrímsson í söngkeppni framhaldsskólanna á Akranesi. Haldnar voru skuggakosningar vegna sveitarstjórnarkosninga í maí, en í tengslum við þær var kynningarfundur þar sem nemendur gátu spurt frambjóðendur um málefni sem þeim fannst skipta máli. Haldið var karóki-kvöld og hryllingsmyndakvöld í Molanum, MK-deildin, ostakvöld ásamt fleiri viðburðum.

Þökkum við stjórn Nemendafélags MK og öllum þeim sem hafa komið að nefndarstarfi og undirbúningi og framkvæmd viðburða fyrir vel unnin störf á árinu.

Nýnemaferð

Að venju var farið með stóran hóp nýnema í Vatnaskóg þar sem markmiðið var að hrista þau saman, m.a. með hópefli. Þar var farið í ratleik, aðra leiki og boðið upp á ýmsar aðrar uppákomur. Má

segja að nemendur hafi skemmt sér mjög vel og höfum við spurnir af því að sumir hafi eignast góða vini í ferðinni. Með í ferðinni voru félagslífs- og forvarnarfulltrúar, ásamt tveim starfsmönnum

skólans. Stjórnendur sáu um eldamennskuna af sinni alkunnu snilld. Boðið var uppá sérhannaðan hamburgara með „öllu“ að hætti áfangastjóra verknaðs.



Fjölmeningastefna

Í Menntaskólanum í Kópavogi njóta allir jafnrar virðingar óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, trú, stjórn-málaskoðunum, ætterni, fötlun eða félagslegri stöðu.

Kappkostað er að koma til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna með íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu, aðstoð við heimanám, jafningjastuðningi og öðrum

þeim ráðum sem að gagni mega koma til þess að þeim gangi sem best í náminu.

Lögð er áhersla á að styrkur fjölmennningar verði nýttur til góðs fyrir skólasamfélagið.

Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna

Nemendum af erlendum uppruna fjölga jafnt og þétt. Til að kanna íslenskukunnáttu þessara nemenda taka námsráðgjafar viðtöl við alla nýja nemendur af erlendum uppruna í byrjun hverrar annar til að afla upplýsinga um hvort þörf sé á námsaðstoð. Nemendum af erlendum uppruna sem og nemendum sem hafa búið lengi erlendis stendur til boða, að taka ís-

lenskuáfangana í ÍSA-áfanga.

Nemendur sem eiga í erfiðleikum með að skilja náms efni í einstökum námsgreinum eiga kost á að fá séraðstoð hjá viðkomandi námsgreinarkennurum. Nemendur eru hvattir til að fara í stöðupróf í sínu mótur máli og fá þær einingar metnar. Skólinn hefur leitast við að halda stöðupróf í

tungumálum til að koma til móts við þessa nemendur.

Fylgst er sérstaklega með námsgengi nemenda af erlendum uppruna. Eftir hverja önn er rýnt í námsgengi hvers og eins. Í framhaldinu eru nemendur kallaðir í viðtal hjá námsráðgjöfum ef þörf er á.

Mentor

Nemendur af erlendum uppruna sem eiga í erfiðleikum með félagslega aðlögun eða vantar aðstoð í íslensku stendur til boða að fá mentor. Hlutverk mentorsins

er að aðstoða og styðja nemanda í náminu þar sem hann er veikastur. Rotary klúbburinn Borgir hefur lagt verkefninu lið með fjárframlagi. Penningarnir eru notaðir til að

fjármagna menningartengda atburði eða í það sem hentar hverju sinni. Þórdís Þórisdóttir námsráðgjafi heldur utan um þetta verkefni.

Nám

Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi skiptist í aðalatriðum í þrjú kafla, almennan hluta þar sem m.a. eru upplýsingar um skólastefnu og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, í öðru lagi brautarframboð skólans og loks áfangalýsingar.

Námskrá skólans frá 2017 er birt á heimasíðu skólans, www.mk.is.

Megináhersla í nýrri námskrá byggir á hagtökunum þekking, leikni, hæfni og unnið er að grunnþáttum náms.

Námstími hefur styst úr fjórum

árum í þrjú og nýnemar hófu nám samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015.

Nýjar námskrár í verknámi voru samþykktar á árinu 2018 og hófst kennsla samkvæmt þeim á haustönn það ár.



Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur

Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur var stofnuð við Menntaskólann í Kópavogi haustið 1999. Násumhverfi nemenda brautarinnar er skipulagt eftir TEACCH aðferðafræðinni en það stendur fyrir Treatment and Education of Autistic and related Communication handicapped Children, sem hefur verið þýtt á íslensku sem meðferð og menntun fyrir einstaklinga og aðra með einhverfu og skyldar þroskaraskanir. Námið á brautinni er einstaklingsmiðað.

Hver nemandi er með sína einstaklingsnámskrá. Einstaklingsmarkmið eru endurskoðuð a.m.k. einu sinni á önn. Námsmat er fjölbreytt og aðferðir taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Markmið náms og kennslu á starfsbraut eru

- að stuðla að alhliða þroska nemandans
- að veita nemendum einstaklingsmiðuð námstækifæri

- að auka sjálfstraust, sjálf stæði og samskiptahæfni
- að veita nemendum reynslu, þekkingu og færni sem nýtist þeim í daglegu lífi

Námsgreinar sem kenndar eru á brautinni eru: Íslenska, enska, stærðfræði, tölvur, lífsleikni, matreiðsla, framreiðsla og íþróttir. Á þriðja- og fjórða ári fara nemendur í starfsþjálfun, bæði innan skólans og úti á almennum vinnumarkaði. Þá er einnig lögð mikil áhersla á að kenna nemendum félagsfærni.



Starfsbraut fyrir einhverfa nemendur

Vorönn 2018

Á vorönn 2018 stunduðu 15 nemendur nám á brautinni. Nemendur skiptast í þrjá hópa eftir því hversu umfangsmikil fötlun þeirra er. Starfið á brautinni gekk vel og var með hefðbundnum hætti. Um miðja önn var foreldrum boðið í brunch sem vakti mikla ánægju og höfðu nemendur veg og vanda af veitingum og framreiðslu. Nemandi á brautinni sá um veislustjórn og annar flutti frumsamið ljóð. Farið var í stutta vorferð og út að borða í maí og að venju

sóttu nemendur á 3. og 4. ári starfsnám í fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.

Haustönn 2018

Á haustönn 2018 stunduðu 16 nemendur nám á brautinni. Sex nýnemar hófu nám í byrjun annar. Hefur flestum nýnemunum gengið vel að aðlagast nýju skólaumhverfi og nýjum skólafélögum. Í haust hefur sérstök áhersla verið lögð á þætti er snúa að heilsu og vellíðan nemenda og m.a. var kennt Yoga og núvitund.

Var mikil ánægja með þetta. Að auki er hafið nýtt verkefni sem nefnist „The Daily Mile“ sem er aðferð til að koma aukinni hreyfingu inn í daglegt skólastarf. Markmið verkefnisins er að fá nemendur til að hreyfa sig meira og bæta heilsu sína og er miðað við að ganga mílu á dag eða 15 mínútna útiveru. Kennarar og starfsfólk starfsbrautar munu fara í námsferð til Skotlands í febrúar til að kynna verkefnið og fræðast um niðurstöður rannsókna um „The Daily Mile“.



Kennsla

Skólinn uppfyllir kröfur laga, reglugerða, aðalnámskrár og skólanámskrár um gæði og fyrirkomulag menntunar. Gæði í þessu sambandi þýðir hæfni skólans til þess að þjálfa og mennta fólk, þannig að nemendur skólans útskrifist ánægðir og með þá yfirfærðu þekkingu sem þeir þarfnast fyrir tilvonandi starf eða frekara nám. Til að stuðla að þessu hefur skólinn sett sér menntastefnu (STE011) og gerir kröfur um:

Kennsluáætlun (GÁT 045) liggja fyrir við upphaf skóla- starfs hverja önn. Staðlaðar kennsluáætlanir frá hverjum kennara eru rýndar af fag- stjórum áður en þær koma til gæðastjóra til skráningar í rekstrarhandbók.

Staðlað form á kennslu- áætlunum gerir nemendum auðveldara að átta sig á aðal- atriðum og tryggir það að kennari setji fram allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar til að nemendur geti undirbúið sig og skipulagt sem best fyrir hvern áfanga. Kennsluáætlanir vor og haust- annar eru vistaðir í rekstrar- handbók.

Kennsluáðferðir sem notaðar eru við skólann eru tölvu- og verkefnamiðaðar. Kennsluumhverfið er rafrænt. Í samræmi við menntastefnu Menntaskólans í Kópavogi var skólinn að fullu fartölvu- væddur á árinu 2005, þ.e. allir

nemendur og kennarar skólans nota upplýsingatækni og tölvur við nám og kennslu. Almenn nota kennarar kennsluum- hverfið Moodle auk ýmissa stoðforrita, til dæmis fyrir verkefna- og prófagerð.

Ný stefna í upplýsingamálum var sett til þriggja ára á árinu.

Stefnan er birt á heimasíðu skólans, www.mk.is.

Miðannarmat/skýrsla (GÁT020 kennara, GÁT026 fagstjóra) liggur fyrir í öllum kenndum áföngum. Öll frá- brigði eru skráð og úr þeim unnið. Um miðja önn líta kennarar yfir farinn veg og meta hvernig hefur til tekist við kennsluna. Brýnt hefur verið fyrir kennurum að gefa sér góðan tíma í að rýna eigin kennslu um miðja önn út frá ýmsum þáttum s.s framvindu áfangans skv. kennsluáætlun, kennsluáðstöðu og búnaði, frammistöðu nemenda, vinnu- friði og aga í kennslunni, þörf á viðbótarauðlindum svo og öðrum frávikum. Niðurstöður þessa sjálfsmats kennara eru færðar í rekstrarhandbók af gæðastjóra.

Er þörf hefur verið talin á sérstökum aðgerðum hafa mál fengið umfjöllun hjá stjórn- endum og fundin er lausn í samræði kennara við fagstjóra og/ eða skólameistara. Ef ekki hafa verið nein frábrigði í kennslu hefur dugað að kennari sendi tölvupóst á fag- stjóra þess efnis vegna þeirra áfanga sem um ræðir.

Niðurstöður námsmats úr einstökum áföngum eru rýndar af fagstjórum og bornar saman við fyrri annir. Komi upp frá- brigði eru slík mál skoðuð í samræði við kennara og stjórn- endur skólans.

Áfangaskýrsla. Í lok annar fylla kennarar út áfangaskýrslu (GÁT013) þar sem fram kemur fjöldi nemenda sem skráðir eru í INNU, fjöldi þeirra sem fara í próf eða hafa tekið símat og svo fjöldi þeirra sem hafa staðist áfangann. Þá gera kennarar í áfangaskýrslu einnig grein fyrir yfirferð, aðbúnaði og námsgögnum og geta komið fram með aðrar athugasemdir um það sem þeir telja að þurfi skoðunar við. Áfangaskýrslur fara til fagstjóra til rýni og síðan til gæðastjóra sem skráir þær í rekstrarhand- bók. Þegar um frábrigði í kennslu er að ræða færir fag- stjóri það í skýrslu fagstjóra sem tekin er til skoðunar sam- eiginlega af fagstjóra og skóla- meistara í lok annar.

Rýni fagdeilda

Skólameistari fundar með fag- stjórum í lok hverrar annar og rýnir starf annarinnar (GÁT 043). Lagt er mat á stöðu hverrar fagdeildar þar sem skoðað er hvað vel er gert og hvað þarfnast úrbóta. Hvaða markmið deildarinnar náðust á önninni og hvaða frávík komu upp við kennslu í faginu.

Kennsla

Kennslumat

Könnun var gerð meðal nemenda um kennslu, skipulag, samstarf og vinnu í einstökum áföngum. Notað var forritið Survey Monkey. Unnið var eftir verklagsreglu VKL402, Kennslumat og VKL205, Frammistaða kennara.

Vorönn 2018

Lagt var fyrir áfangamat í öllum áföngum í ensku, sálfræði, dönsku, næringarfræði, félagsfræði, matreiðslu, framreiðslu og fjölmiðlafræði. Alls fór fram mat í áföngum hjá 27 kennurum. Matið var framkvæmt rafrænt.

Heildarniðurstöður voru kynntar á kennarafundi og eru vistaðar á heimasíðu skólans www.mk.is. 990 svör bárust. Spurningar voru 27.

Haustönn 2018

Lagt var fyrir áfangamat í öllum áföngum í eðlisfræði, spænsku, frönsku, íslensku, þýsku, efnafræði og líffræði. Alls fór fram mat í áföngum hjá 16 kennurum. Matið var framkvæmt rafrænt. Heildarniðurstöður voru kynntar á kennarafundi og eru vistaðar á heimasíðu skólans www.mk.is. 729 svör bárust.

Spurningar voru 27.

Einnig var unnið áfangamat í læsi. Spurningar taka mið af því að læsi er kennt þverfaglega með mörgum kennurum.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl skólameistara við kennara fóru fram bæði á vor og haustönn.

Skólameistari ræddi við alla fagstjóra í formlegum viðtölum, bæði á vorönn og haustönn.



Kennarar

Stefna skólans er að við skólann starfi kennarar sem lokið hafa fagprófi í viðkomandi kennslugrein og uppfylla kröfur um kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla. Þeir hafi sem viðtækasta þekkingu/reynslu í því fagi sem þeir kenna og drifkraft og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla. Þeir hafi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæða framkomu gagnvart viðskiptavinum, innri sem ytri. Á haustönn 2018 störfuðu 69 kennarar við MK í 66 stöðu-

gildum. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjórar bóknáms og verknáms eru án kennsluskyldu en 14 fagstjórar (nú konur og fimm karlar) eru stjórnendur í 3,85 stöðugildum á móti kennslu. Verkefnaráðið er í sex og hálfu stöðu (námsráðgjöf tvær stöður, netstjórn og tölvur tvær stöður, gæðastjóri, námsaðstoð í sérdeild, vinna við skólanámskrá, umsjón með

félagslífi, forvarnarfulltrúi o.fl.).

Á árinu 2018 var þriðjungur kennara (33%) í MK með fyrstu háskólagráðu og kennsluréttindi, 45% eru með hærri háskólagráðu og kennsluréttindi, 16% hafa aðra menntun og kennsluréttindi en tveir kennarar (6%) eru án tilskilinna réttinda, sjá töflu.

Leiðbeinendur eru að öllu jöfnu í hlutastarfi og aðeins einn er í meira en hálfu starfi.

Prófgráða	Fjöldi
BA/BS-próf með kennsluréttindi	23
MA/MS/M.Ed.-próf með kennsluréttindi	31
Doktorspróf með kennsluréttindi	0
Háskólapróf án kennsluréttinda	0
Önnur menntun með kennsluréttindi	11
Önnur menntun án kennsluréttinda	4

Kennararáðningar

Á árinu 2018 voru ráðnir tveir nýir kennarar við skólann og einn á haustönn. Einn kennari var í launuðu leyfi í einni stöðu á síðasta ári.

Móttaka nýrra kennara

Við ráðningar á nýjum kennurum er stuðst við mann-

auðskerfi og starfsmannastefnu skólans (STE012).

Fram fara rýnivíðtöl skólameistara og nýrra kennara um móttöku, aðbúnað og stöðu mála. Skólameistari ræðir einlega við alla nýja kennara í samræmi við móttökuáætlun

skólans skv. ISO-stöðlum. Farið var yfir stefnu og stjórnun skólans, kennslu, umhverfi, aðbúnað, umsjónarstörf, námsframboð, skóla-reglur, öryggismál, tölvu-notkun, launamál og þjálfunar-áætlun hvers kennara ásamt líðan í starfi.

Stjórnun

Stjórnunarhandbók skólans endurspeglar markmið, stefnu og stjórnunarhætti skólans. Stjórnunarhandbók var endurskoðuð og uppfærð á rýnifundum stjórnenda og gæðastjóra. Fram fer regluleg úttekt á stjórnskipulagi skólans, stefnu og markmiðum. Tveir rýnifundir voru á árinu, 5. mars og 13. júní 2018

Gæðavottun

Skólinn fékk gæðavottun á starfsemi skólans samkvæmt ISO 9001 staðli árið 2009 og hefur haldið henni virkri með ytri úttektum viðurkenndra vottunaraðila.

GÁMES/HACCP

Gæðavottun á GÁMES gæðakerfinu fyrir hótél- og matvælagreinar er haldið áfram og

unnið að innri og ytri úttektum skv. GÁMES. Hákon Jóhannsson frá Matvælatækni framkvæmdi mælingar vor og haust 2018. Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi mælingar í nóvember 2018.

Starfsmannastefna

Unnið er samkvæmt mannaúðskerfi og starfsmannastefnu skólans (STE012).

Unnið er eftir móttökuáætlun nýrra starfsmanna um ráðningu og þjálfun, einnig eftir gæðakerfi skólans um mat á frammistöðu í starfi, kennarsamtöl og starfslok.

Jafnrétti

Unnið er í anda jafnréttis sbr. jafnréttisáætlun skólans (STE010) með því að stuðla að jöfnuði í Menntaskólanum í

Kópavogi og jöfnum tækifærum einstaklinga á sem flestum sviðum, óháð kynferði. Árleg jafnréttisvika skólans var 5.-8. mars 2018.

Umhverfismál

Unnið var að umbótum í umhverfismálum, m.a. með því að fylgja lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál sem snerta starfsvettvang skólans, stefna á að efla menntun nemenda og starfsfólks á sviði umhverfismála, tryggt að öryggismál innan skólans séu til fyrirmyndar og fara eftir ISO 14000 varðandi umhverfismál (STE013). Umhverfisvika var haldin í skólanum 17.-20. september 2018. Unnið er undirbúningsstarf í umhverfismálum skv. ISO14001:2004.



Gæðastjórnun í Menntaskólanum í Kópavogi

Við Menntaskólann í Kópavogi eru rekin þrjú gæðakerfi; ISO 9001:2015 fyrir allan almennan rekstur skólans, HACCP hreinlætis- og matvælaöryggiskerfi í kennsluumhverfi matvælagreina, og þá hefur skólinn uppfyllt ákvæði jafnlaunastaðals IST85:2012 en býður nú vottunar á þeim staðli. Unnið hefur verið að uppfærslu á ISO 9001 gæðakerfinu á liðnu ári þar sem lögð er áhersla á forvarnir og áhættugreiningu í öllu starfi skólans; áhættur og tækifæri eru greind í stað

fyrri áherslu á ferilnálgun. Með innleiðingu á IST:85 jafnlaunastaðli geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Nokkur töf hefur orðið á staðfestingu þess staðals vegna anna þeirra fáu vottunaraðila sem eru bærir til vottunar á þeim staðli.

ISO gæðakerfi skólans samanstendur af yfir 200

skjölum sem stöðugt þarf að halda við, bæta og breyta eftir því sem gæðakerfið þróast. Það er einmitt einn megin kostur gæðakerfisins hve sveigjanlegt það er og öll aðlögun að nýjungum og almennri framþróun er gerð auðveld.

Ytri vottun ISO kerfisins fer fram tvisvar á ári af fyrirtækinu Vottun ehf. En heilbrigðiseftirlitið tekur út matvælarými skólans árlega. Þá eru einnig gerðar utanaðkomandi gerlamælingar í öllum matvælarýmum árlega.

Reglubundin verkefni í gæðakerfi MK

Meðal reglubundinna verkefna til viðhalds á ISO 9001 gæðakerfisins er skráning og staðfesting þess bærara aðila á rekstrarskjölum er snúa að megin starfsemi skólans.

Helstu rekstrarskjöl eru:

Kennsluáætlanir í annarbyrjun.

Miðannarskýrslur um miðja önn.

Áfangaskýrslur við annarlök.

Þessi skjöl eru aðgengileg í rekstrarhandbók.



Reglubundin verkefni í gæðakerfi MK

Ef þörf hefur verið talin á sérstökum aðgerðum hafa mál fengið umfjöllun hjá stjórnendum og fundin er lausn í samráði kennara við fagstjóra og/eða skólameistara. Ef ekki hafa verið nein frábrigði í kennslu hefur dugað að kennari sendi rafpóst á fagstjóra þess efnis vegna þeirra áfanga sem um ræðir.

Í lok annar fylla kennarar út áfangaskýrslu þar sem fram kemur fjöldi nemenda sem skráðir eru í INNU, fjöldi þeirra sem fara í próf eða hafa tekið símat og svo fjöldi þeirra sem hafa staðist áfangann. Notað er ítarlegt skýrsluform vegna áfangaskýrslu þar sem óskað er eftir ítarlegum niðurgreindum upplýsingum um niðurstöðu

prófa og verkefnahluta áfanga sérstaklega (þ.e. þar sem lokamat byggir á bæði verkefnahluta og lokaprófi). Þessar upplýsingar nýtast til frekari greiningar á falli milli annarsvegjar og þróun á uppskiptingu á milli prófahluta og verkefnahluta í áföngum.

Þá gera kennarar í áfangaskýrslu einnig grein fyrir yfirferð, aðbúnaði og námsgögnum og geta komið fram með aðrar athugasemdir sem þeir telja að þurfi skoðunar við. Áfangaskýrslur fara til fagstjóra til rýni og eru vistaðar rekstrarhandbók. Þegar um frábrigði í kennslu er að ræða færir fagstjóri það í skýrslu fagstjóra sem tekin er til

skoðunar sameiginlega af fagstjóra og skólameistara í lok annar.

Þessir þrír þættir, kennsluáætlun, miðannaskýrsla og áfangaskýrsla tryggja að ákveðin vöktun fari fram á starfi kennara við MK og gefa um leið færi til úrbóta um leið og frávika verður vart.

Áfram var haldið á árinu við að yfirfara alla einkunnagjöf kennara m.t.t. samsettrar loka-einkunnar.

Enn er unnið að samræmingu á reglum um loka-einkunnir í símati. Vaxandi krafa um símat í námsáföngum kallar á bætt eftirlit þar sem flóknir útreikningar lokamats geta óhjákvæmilega leitt til mistaka.



Innri úttektir

Í samræmi við ISO gæðakerfið skal fara fram regluleg innri úttekt á verklagsreglum og ferlum stofnunarinnar. Í MK er farið yfir alla verkferla á þriggja ára fresti og eru þá skrifaðir ferlar og fyrirmæli skoðuð og borin saman við daglega framkvæmd viðkomandi verkþáttar. Ef misræmi er greint á milli skjalfestra ferla og framkvæmdar á verkferlum er það hlutverk úttektaraðila (gæðastjóra) í samvinnu við viðkomandi starfsmann (sem starfar eftir verklagsreglunni)

að greina hvernig ná má samræmi þar á milli, annaðhvort með breytingu á skjölum eða ábendingum um breytt og bætt vinnubrögð.

Á vorönn 2018 fór fram innri úttekt á eftirfarandi reglum:

VKL211 Stýrt viðhald á tækjum.

VKL214 Rekstur húsnæðis MK.

VKL301 Kennsla áfanga.

VKL303 Hönnun og umbætur áfanga.

VKL404 Áfangamat og þjónustukönnun.

Þá var einnig tekin út stefnuskjöl, svokallað STS skjal STS006 Ábyrgð og valdskipting.



Innri úttektir

Á haustönn 2018 fór fram innri úttekt á eftirfarandi reglum:

VKL106 Heildarstjórnun náms.

VKL202 Innritun nemenda.

VKL204 Brautskráning nemenda.

VKL212 Fjármálastjórnun.

VKL-215 Leyfi frá störfum.

VKL216 Starfslok.

VKL405 Flokkun starfa.

Fjöl margar lagfæringar á verklagsreglum og gátlistum voru samþykktar í gæðaráði MK í kjölfar ofangreindra úttekta en í einhverjum tilfellum var skerpt á framkvæmd til að halda samræmi við viðkomandi verklagsreglu.

Til viðbótar ofangreindum

verklagsreglum voru fjölmörg önnur skjöl rýnd og endurbætt í framhaldi af ábendingum frá starfsmönnum, ásamt því sem nokkrum gátlistum og LSM skjölum var bætt við rekstrarhandbók skólans.

Á árinu 2018 voru gerðar alls 104 breytingar á skjölum gæðakerfisins (breytt skjöl eða ný).



GÁMES - HACCP

HACCP er gæðakerfi er tekur til matvælaeftirlits og hollustuhátta við framleiðslu og dreifingu matvæla. GÁMES hefur verið notað sem íslenska útfærslan á þessu kerfi en það er skammstöfun fyrir: „Greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða“. Við matvælanámshluta Menntaskólans í Kópavogi hefur um árabil verið beitt aðferðafræði í samræmi við GÁMES. Á síðustu

misserum hefur hugtakið GÁMES vikið fyrir notkun á enska hugtakinu HACCP sem stendur fyrir Hazard analysis and critical control points.

Gerlamælingar eru hluti af þessu innra eftirlitskerfi og hafa verið reglubundnar í þeim hluta húsnaðis Menntaskólans í Kópavogi sem nýttur er fyrir Hótel- og veitingaskólann.

Hákon Jóhannsson hjá

Matvælatækni framkvæmdi mælingar á haustönn 2018. Niðurstöður má sjá í eftirfarandi töflu og til frekari upplýsinga er sýnd þróun þessara mælinga frá árinu 2011.

Til glöggvunar eru sýndar samtölur sýna sem þóttu mjög góð og góð annarsvegar og hinsvegar samtölur sýna sem þóttu slæm, mjög slæm eða óviðunandi.

Gerlamælingar Matvælatækni í MK

	2011	2012	2013	2014	2015V	2015H	2016H	2017H	2018H
Mjög gott	74	71	63	53	62	68	56	65	75
Sæmilegt	24	21	24	22	11	16	17	23	18
Mjög gott+sæmilegt	98	92	87	75	73	84	73	88	93
Slæmt	3	3	11	11	19	14	22	8	4
Mjög slæmt	0	5	3	8	8	3	6	3	3
Óviðunandi	0	0	0	6	0	0	0	3	0
Slæmt+mjög sl. + óviðunandi	3	8	14	25	27	17	28	14	7
Samantekið	2011	2012	2013	2014	2015V	2015H	2016H	2017H	2018H
Mjög gott/sæmilegt	98	92	87	75	73	84	73	88	93
Slæmt/mjög/óvið.	3	8	14	25	27	17	28	14	8

GÁMES - HACCP

Á hverju ári er gerð úttekt á hreinlæti af Heilbrigðis- eftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og fór sú úttekt fram í október 2018. Það er niðurstaða þeirrar úttektar að með minniháttar undantekningum væru allir hlutir í góðu lagi og væri það almennt mat að skólinn væri snyrtilegur og vel um genginn.

Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi eru í sífelldri þróun enda þurfa þau að standast mismunandi reglulegar ytri úttektir á hverju ári. Í vaxandi mæli hafa verið teknir upp raf-rænir gátlistar við eftirlit vegna HACCP kerfisins ásamt því sem notkun á einfaldari gátlistum á að gera alla framkvæmd í kerfinu einfaldari og mark-vissari. Þá mun ný rafræn

rekstrarhandbók auðvelda allt eftirlit og innanhús vottun/staðfestingu á þeim vinnuskjölum sem skólinn starfar eftir. Notkun gæðakerfa við rekstur og stjórnun skólans hefur sannað ágæti sitt og gert góðan skóla enn betri.

Innlent samstarf

MK er kjarnaskóli í hótél- og matvælagreinum og ferðagreinum

Samkvæmt samningi menntamálaráðuneytis og MK starfar skólinn sem kjarnaskóli í hótél- og matvælagreinum og ferðagreinum. Skólinn hefur haft forgöngu um þróunarstarf vegna náms í hótél- og matvælagreinum í samvinnu við starfsgreinaráð í hótél- og matvælagreinum og ferðagreinum í samvinnu við starfsgreinaráð um náttúrunýtingu. Sitja kennarar skólans í báðum ráðunum skv. skipun menntamálaráðherra. Skólinn tekur þátt í umfangsmiklu erlendu samstarfi á þessu sviði, sjá kafla um erlend samskipti. Auk þess sinnir skólinn þeim verkefnum

öðrum sem leiðbeiningar um starfsemi kjarnaskóla kveða á um, s.s. upplýsingafundum og gagnkvæmum heimsóknnum í aðra skóla sem kenna sömu greinar. Þá beitti skólinn sér fyrir því að stofnað var fagfélag kennara í hótél- og matvælagreinum á landsvísu.

Atvinnulífið

Skólinn er í góðu samstarfi við atvinnulífið, m.a. vegna starfsþjálfunar nema í grunnnámi hótél- og matvælagreina og ferðamálanema.

Kennaranemar

Menntaskólinn í Kópavogi er í góðu samstarfi við Háskóla Íslands um æfingakennslu fyrir kennaranema háskólans.

Akademían

Gott samstarf var við HK-, Breiðabliks- og Gerplu akademíuna á vorönn 2018. HK- og Breiðabliks akademían héldu úti öflugum starfi á haustönn 2018. Ekki náðist í hóp í Gerplu akademíuna á haustönn 2018 en vonir standa til þess að hægt verði að taka upp þráðinn á haustönn 2019.

IÐAN

Menntaskólinn í Kópavogi heldur áfram formlegu samstarfi við Iðuna fræðslusetur ehf. sem er fræðslumiðstöð fimm iðngreina auk ferðaiðnaðarins. Skólinn og Iðan reka áfram Sæmund fróða er sér um símenntun í hótél- matvæla- og ferðagreinum.

Sæmundur fróði

Námskeiðin á vorönn 2018 hófust laust eftir miðjan janúar og þeim lauk í nóvember sl. Námsframboð var kynnt á heimasíðu Iðunnar. Auk þess voru send út dreifirit bæði í pósti og á valin netföng á einstaklinga og fyrirtæki í greinum. Á árinu 2018 voru haldin 36 námskeið og þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 359. Verkefni voru fjölbreytt á síðasta ári eins og sjá má á yfirliti námskeiða. Námskeiðin voru ýmist haldin í fyrirtækjunum, í Hótel- og matvælkólanum, hjá

Iðunni og Verkmennaskólanum á Akureyri. Hlutfall námskeiða sem haldin eru í fyrirtækjum er vaxandi eða um 42% á síðasta starfsári. Námskeið sem haldin eru í fyrirtækjum eru aðlöguð að þörfum fyrirtækjanna í meira mæli og áherslur geta verið ólíkar eftir atvikum og hópum. Í vaxandi mæli fer kennsla á námskeiðum matvæla- og veitingasviðs fram á ensku eða í 30% tilvika. Námskeið í fag tengdum þáttum sem fer fram á öðru tungumáli en íslensku krefst töluverðs undirbúnings

en er að verða sífellt umfangsmeiri þáttur í starfinu.

Á síðasta starfsári voru haldin nokkur ný námskeið s.s. eins og námskeið tengd bakstri og bakaraiðn, námskeið um blöndun kokteila, þörun bjórs við matarrétti, námskeið um uppbyggingu salatbara, grænmetisrétti – eldað úr öllu og fl. Töluverður fjöldi fór á námskeið um HACCP og innra eftirlit í eldhúsum, um þjónustu og sölu í veitingahúsum og námskeið fyrir þernur.



Námskeið Sæmundar fróða árið 2018

	Heiti námskeiðs	Tími	Þátttak-
1	Brauð og bakstursvörur	13.jan	11
2	Dómaranámskeið fyrir bakara	14.jan	8
3	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	02.feb.	8
4	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	05.feb.	10
5	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	06.feb	14
6	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	07.feb	6
7	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	08.feb	10
8	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	09.feb	12
9	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	13.feb	11
10	Brýnsla á hnífum	13.feb	6
11	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	14.feb	14
12	Brýnsla á hnífum	14.feb	11
13	Vaktstjórn	20.feb	7
14	Skrautstykki með Christophe Debersee	22.feb	11
15	Fæðuþol og fæðuofnæmi	27.feb	8
16	Uppbygging og skreyting á tertum og eftirréttum	01.mars	12
17	Ferðaþjónusta 1, Námskeið fyrir leyfishafa	13.mars	24
18	Kokteill	14.mars	5
19	Grænmetisréttir - eldað úr öllu	10.apríl	9
20	Ferskasti salatbarinn, bragðgóð fjölbreytni	12.apríl	10
21	Súrdeig	26.maí	13
22	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	27.nóv.	12
23	Innra eftirlit í eldhúsum - HACCP	28.nóv.	12
24	Grænmetisréttir - eldað úr öllu	24.okt.	10
25	Bjór og matur	13.nóv.	7
26	Blómaskreytingar - vinnusmiðja	18.sept.	1
27	Brýnsla á hnífum	16.okt.	8
28	Brýnsla á hnífum	17.okt	8
29	Brýnsla á hnífum	20.nóv.	9
30	Brýnsla á hnífum	22.nóv.	9
31	Fæðuþol og fæðuofnæmi	1.nóv.	16
32	Ferskasti salatbarinn, bragðgóð fjölbreytni	16.okt.	9
33	Grænmetisréttir - eldað úr öllu	20.nóv.	12
34	Rúlluð deig og Brioche	9.-10. nóv.	15
35	Sveppir og sveppatínsla	25.ágúst	5
36	Vaktstjórn	15.ágúst	6
	Samtals		359

Erlent samstarf

Skólinn leggur áherslu á erlent samstarf og skilgreinir það sérstaklega í skólanámskrá. Í skólanum starfar alþjóða-fulltrúi í hlutastarfi sem sér um að halda utan um erlend verkefni skólans og styrkumsóknir. Alþjóðafultrúinn sér einnig um starfsnám MK-nema erlendis og móttöku erlendra nema frá samstarfsskólum.

Mikil gróska hefur verið í erlendum samstarfsverkefnum af

ýmsu tagi að undanförunu og eru allar líkur á að sú þróun haldi áfram. Verkefni af þessu tagi væru ekki möguleg nema fyrir tilstilli styrkja úr samevrópskum sjóðum sem ætlað er að styðja við menntun og samskipti skólafólks innan Evrópu.

Menntaskólinn í Kópavogi hefur hlotið vottun VET Mobility Charter vegna náms-

og þjálfunarverkefna í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB. Vottunin felur í sér ákveðinn gæðastimpil á erlend námsverkefni skólans og hjálpar til við að byggja upp samstarf við erlenda aðila. Einnig auðveldar þessi vottun alla áætlanagerð og kynningu á erlendum verkefnum fyrir nemendum og kennurum og skapar meiri festu í erlendu samstarfi.

Erlendir styrkir, ferðir og fundir

Skólinn hefur undanfarin ár getað boðið hópi nýnema að taka þátt í nemaskiptaverkefni sem styrkt er af Nordplus Junior. Samstarfslöndin í þessu verkefni eru, auk Íslands, Noregur, Svíþjóð, Finnland og Eistland. Nemar úr MK fara utan til einnar viku dvalar og eru svo í hlutverki gestgjafa í eina viku á hverju skólaári. Gert er ráð fyrir að ferðir af þessu tagi verði fastur liður í skólastarfinu a. m. k. fram til 2020. Á vegum þessa verkefnis fóru tveir kennarar skólans með 16 nýnema til Álasunds en önnina áður höfðu nemendur frá Fagerlia videregående skole í Álasundi heimsótt félagasina á Íslandi.

Frá Nordplus hefur einnig fengist styrkur í verkefnið „Minutt for minutt“ sem snýst um ferðamál og samfélög í Noregi, Íslandi og Danmörku. Nemendur og kennari í ferðafræðiaföngum á Alþjóðabraut MK taka þátt í verkefni en erlendu samstarfsaðilarnir eru frá Nord-Gudbrandsdal videregående skula í Noregi og Midtfyns gymnasium í Danmörku. Á haustönn komu 30 nemendur frá Gudbrandsdal í heimsókn ásamt tveimur kennurum og á vorönn 2019 mun 17 MK nemar fara til Ringe í Danmörku ásamt tveimur kennurum.

Erasmus+ verkefni **From Facebook to Face2Face: Cross Cultural Relations through Social Media and Beyond** lauk á haustönn 2019. Þetta var samstarfsverkefni við skóla í Króatíu, Graditeljsko geodetska tehnička škola Split, og var markmið þess að stuðla að auknum skilningi á menningarheimum þátttökulandanna tveggja. Meðal annars fólst í verkefni að fara í vikulangar heimsóknir hver til annars lands auk þess sem sameiginleg verkefni voru unnin í rafrænum samskiptum.

Á síðasta ári hlaut MK ríflegan styrk frá starfsmenntahluta Erasmus+ til að senda nema í ferðagreinum, framreiðslu og matreiðslu til starfsnáms erlendis og einnig til að kennarar á þessum sviðum skólans gætu heimsótt samstarfsskólana í Raisio og Rovaniemi í Finnlandi og Etioilles í Frakklandi. Tilgangur ferðanna var að styrkja samstarf skólanna og byggja upp persónuleg tengsl við veitingastaði og ferðapjónustuaðila sem vilja taka við nemum frá Íslandi í framtíðinni. Gerð var breyting varðandi samstarfsskóla í Frakklandi og varð skóli í námunda við Lyon, Lycée des Métiers de l'Hôtellerie et Restauration Innovante í Lagnetiére fyrir valinu.

Kom þar til dygg aðstoð Gilles Famelart, sem hefur langa reynslu af nemaskiptum og hefur fylgt starfnámsnemum til Íslands. Á vegum Erasmus+ fóru þannig þrír starfsmenn í námsheimsóknir, annars vegar til Finnlands og hins vegar til Frakklands. Einnig fékk bókasafnsfræðingur skólans styrk frá Erasmus+ til að heimsækja og kynna sér bókasöfn í Hollandi. Varðandi starfsnámið, þá hefur skólinn lagt áherslu á styttri námsferðir, þ.e. þrjár vikur. Þannig fóru þrír ferðamálanemar til þriggja vikna starfsnáms í Rovaniemi á vorönn og á haustönn voru tveir ferðamálanemar í starfsnámi í Bled í Slóveníu. Tveir framreiðslunemar voru í starfsnámi í Finnlandi í lok vorannar og sjö matreiðslu- og framreiðslunemar fóru til Frakklands og dvöldu þar í tæpar fjórar vikur á sama tíma.

Nemendur hótél- og matvæla-skólans taka einnig þátt í erlendum fagkeppnum, til dæmis Norrænu nemakeppninni, þar sem framreiðslunemarnir okkar hlutu gullverðlaun og matreiðslunemarnir silfurverðlaun í Kaupmannahöfn í apríl. Þá tók íslenskur matreiðslunemi þátt í Ólympíukeppni ungra matreiðslumanna á Indlandi í byrjun árs og náði eftirtektarverðum árangri.

Erlendir styrkir, ferðir og fundir

Erlent samstarf kallar einnig á gestakomur og móttöku nema sem vilja sækja starfsnám sitt á Íslandi. Á vorönn kom einn nemi frá Rovaniemi í sex vikna starfsnám hjá ferðaþjónustufyrirtæki í Reykjavík. Það kemur í hlut alþjóðafulltrúa skólans að greiða götu erlendra nema og útvega þeim starfsnámspláss og húsnæði. Ómetanlegt samstarf hefur náðst við fyrirtæki í ferðaþjónustu sem og í hótél- og matvælageiranum, en án þess væru verkefni af þessu tagi ekki möguleg.

Meðal gesta sem heimsóttu skólann á árinu má nefna Hendrik Agur, skólameistara Gustav Adolf menntaskólans í Tallinn, sem dvaldi hjá okkur í vikutíma á vorönn. MK hefur átt gott samstarf við þennan skóla í Nordplus verkefnum og hyggjast kennarar heimsækja Gustav Adolf skólann í lok vorannar 2019. Á haustönn kom Jacquy Pfeiffer, stofnandi the French Pastry School í Chicago, til landsins á vegum franska sendiráðsins. Hann eyddi degi í Hótél- og mat-

vælskólanum og kynnti franska kökugerðarlist og sykurskreytingar.

Á hverju ári berst fjöldi fyrirspurna um samstarf og áhugi kennara á evrópskum samstarfsverkefnum eykst jafnt og þétt, eins og sjá má á yfirlitinu hér að framan. Það er því mikilvægt að skólinn geti gefið kennurum og starfsmönnum svigrúm til að sinna slíku starfi, enda enginn vafi á að erlent samstarf eykur vísun allra sem taka þátt og eflir þroska nemenda.



Leiðsöguskólinn vor 2018

Tvö kjörsvið voru í boði í Leiðsöguskólanum á vorönn 2018, almenn leiðsögn og

gönguleiðsögn. Í maí útskrifuðust 43 nemendur úr skólanum, 30 úr almennri

leiðsögn og 13 gönguleiðsögumenn.



Almennt kjörsvið

Í almennri leiðsögn eru nemendur undirbúnir undir það að leiðsega erlendum ferðamönnum í rútuferðum. Segja má að farið sé hringinn í kringum landið í kennslustundum annarinnar þar sem kennari fræðir nemendur um hvað sé frásagnarvert og skoðunarvert á hverjum stað.

Nemendur fara í fjórar æfingaferðir í rútu þar sem þeir æfa sig í að leiðsega en það krefst nokkurrar þjálfunar að segja frá úr sæti leiðsögumannsins þar sem leiðsögumaðurinn snýr baki í áheyrendur. Æfingaferðirnar eru Reykjavíkurfærð, Reykjaneshringur, Gullhringurinn og

ferð um Borgarfjörðinn. Að auki fara nemendur í tvær prófferðir í rútu Reykjavíkurfærð og Gullhring en þá er frásögnin tekin upp og síðar metin af prófdómurum. Við prófdæminguna er ekki bara tungumálakunnátta nemenda metin því frásögnin þarf bæði að vera áhugaverð og skemmtileg fyrir ferðamanninn og leiðsögumaður verður líka að fara rétt með staðreyndir. Námi í almennri leiðsögn lýkur með sex daga hringferð um landið þar sem nemendur skiptast á að leiðsega og fá að auki leiðsögn frá staðkunnugum leiðsögumönnum. Í öllum ferðum fá nemendur leiðbeiningar frá kennara um það sem betur má

fara í þeirra frásögn og framkomu. Kennsla var í höndum fjögurra kennara en að auki kom nokkur fjöldi gestafyrirlestra að kennslunni. Nýr kennari kom að kennslu í áfanganum SVÆ106 þar sem aðalkennari áfangans til margra ára ákvað að minnka við sig.

Af kjörsviðinu útskrifuðust 30 leiðsögumenn, 16 konur og 14 karlar. Óvenju margir nemendur útskrifuðust með frönsku eða 6 nemendur. Hópurinn getur boðið upp á leiðsögn á dönsku, ensku, frönsku, sænsku og þýsku. Sex nemendur útskrifuðust með tvö tungumál að þessu sinni.

Gönguleiðsögn

Gönguleiðsögunemar eru fyrst og fremst þjálfari í að fara með ferðamenn í gönguferðir. Þar sem oftast þarf að nota rútu til að koma hópum á upphafsstað göngu og margar ferðir eru blanda af gönguferð og rútuferð þá fá nemendur á þessu kjörsviði líka nokkra þjálfun í að leiðsegja í rútu.

Nemendur fara í tvær æfingaferðir og eina prófferð í rútu og þjálfar sig í leiðsögn í hljóðnema. Mikil áhersla er lögð á verklega þjálfun og fara nemendur í sólarhringsrötunarferð, æfingaferð í þverun straumvatna og á tvö helgarnámskeið,

Vetrarferðamennska 1 og Ferðamennsku á jökulum. Helgarnámskeiðin eru í umsjón Íslenskra fjallaleiðsögunanna. Að auki þurfa nemendur að fara í tíu gönguferðir á eigin vegum og skrá upplýsingar í svokallaða loggbók. Nemendur læra um veðurfar á fjöllum og um jökla. Þeir fá þjálfun í hópstjórn og fá tilsögn í skyndihjálpi á fjöllum en ef slys ber að höndum í gönguferðum er oft nokkur bið á aðstoð og því mikilvægt að leiðsögumenn geti brugðist rétt við. Í lok annar er farið í fimm daga gönguferð um

óbyggðir þar sem nemendur æfa sig í að lesa kort og nota áttavita og GPS tæki og leiðsegja hverjum öðrum. Gist er í tjöldum og allur búnaður borinn á bakinu.

Margir kennarar og gestafyrirlesarar koma að kennslu í gönguleiðsögn en fimm kennarar halda utan um bóklega áfanga annarinnar.

Fimm karlar og átta konur útskrifuðust úr gönguleiðsögn, langflest með ensku sem kjörmál en einnig sænsku. Enginn nemandi lauk prófi á tveimur tungumálum.



Val- og endurmenntunarnámskeið

Á vorönn velja nemendur í almennri leiðsögn fjórar einingar og nemendur í gönguleiðsögn tvær einingar í vali. Valnámskeiðin sem eru í boði eru nokkuð fjölbreytt, hvert námskeið er þrjú kvöld, hvert kvöld er fjórar kennslustundir

nema Íslendingasögurnar. Þær eru kenndar á fjórum kvöldum. Á vorönn 2018 voru þessi námskeið í boði:

1. Íslendingasögur. Teknar voru fyrir Njálssaga, Egils saga og Laxdæla.
2. Jarðfræði vinsælla göngu-

leiða á Íslandi.

3. Bland í poka: Fararstjórn erlendis, náttúrutúlkun og kennsla á GPS tæki.
4. Norðurljós, stjörnur og manngerðir hellar.

Svæðisleiðsögn

Leiðsöguskólinn er móðurskóli í leiðsögunámi og hefur sem slíkur haft hönd í bagga með þeim aðilum sem hafa staðið fyrir svæðisleiðsögunámi en svæðisleiðsögn hefur verið kennd víðsvegar um landið. Öll tungumálapróf eru metin af prófdómurum Leiðsögu-

skólans sem tryggir að þeir sem útskrifast sem svæðisleiðsögumenn hér á landi standast sömu kröfur og gerðar eru til nemenda í Leiðsöguskólanum.

Á haustönn 2016 hófst kennsla hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða í Svæðisleiðsögunámi og í Farskóla Norðurlands vestra í

janúar 2017. Útskrifuðust nemendur á báðum stöðum í janúar 2018.

Símenntun Háskólans á Akureyri hóf kennslu í leiðsögn skv. námskrá Menntamálaráðuneytisins haustið 2018 og mun nokkur hópur útskrifast vorið 2019.



Leiðsöguskólinn haust 2018

Mikill fjöldi umsókna barst Leiðsöguskólanum fyrir skólaárið 2018 – 2019. Rúmlega 60 nemendur hófu nám í ágúst en nokkuð er um að nemendur dreifi náminu á tvö skólaár og því voru ekki allir í fullu námi. Fjöldi tungumálakennara fer eftir kjörtungumálum nem-

enda en miðað er við að a.m.k. þrír nemendur séu í hverjum hópi. Að þessu sinni voru sjö hópar í áfanganum TMN102, enskan er langvinsælust en í enskunni voru sex hópar og einn hópur í þýsku. Bæta þurfti við tveim nýjum málstjórum, einum í ensku og

einum í þýsku. Að öðru leyti voru litlar breytingar á kennarahópi skólans fyrir utan að nýr kennari tók að sér kennslu í húsagerðarlist. Að vanda kom fjöldi gestafyrirlesara og prófdómara að skólastarfinu.

Ferðamálastólínn vor 2018

Á vorönn stundaði 21 nemandi Starfstengt ferðafræðinám í Ferðamálastólánum. 14 nemendur útskrifuðust í maí, þar af 4 nemendur sem lokið höfðu starfsnámi eða fengið það metið. Í dagskóla var kenndur ferða-

málaáfangi á þriðja þrepi, FERÐ3CA05. Enginn dagskólá-nemi sótti áfanga í Ferðamálastólánum á vorönn 2018. Áframhald hefur verið á þeirri þróun að nemendur kjósa að fara

sér hægar í náminu og taka aðeins valda áfanga á hverri önn fyrir sig. Hildur Jónsdóttir, einn farsælasti kennari skólans til margra ár, lét af störfum fyrir aldurs sakir í marsmánuði.



Erlent samstarf

Samstarfi var haldið áfram við AEHT (Association of European Hotel and Tourism Schools) og fagstjóri ferðamálanáms tók þátt í ECVET Experts teymi RANNÍS. Gott samstarf hefur tekist um nemaskipti við Rov-Rovaniemi í Finnlandi og fóru þrír nemar skólans þangað til þriggja vikna starfsnáms á vorönn með styrk frá Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins. Á haustönn var tekið upp samstarf við hótél- og ferðamálastóla í Bled í Slóveníu og fengu tveir nemar Ferðamálastólans Erasmus+ styrk til þriggja vikna starfsnáms á hóteli skólans í

skólans í nóvember. Einnig hefur fagstjóri skólans átt árangursríkt samstarf við fulltrúa háskólans í Bournemouth sem metur nemendur sem útskrifast úr Ferðamálastólánum inn á annað ár í BA nám í ferðamálafræðum.

Fagstjóra Ferðamálastólans var í marsmánuði boðið að flytja annað af tveimur opunar-erindum á ráðstefnu um þróun ferðaþjónustu í Eistlandi sem haldin var í borginni Kuressaare. Þá var fagstjóra boðið í heimsókn til Færeyja í aprilmánuði til að kynna Starfstengda ferðamálanámið og

ræða við heimamenn. Á fundinum voru fulltrúar frá ferðamálaráði Færeyja og fleiri hagsmunaaðilum og var mikið spurt og spjallað um mikilvægi náms í ferðaþjónustu og hvaða hópum slíkt nám myndi helst gagnast. Á haustönn heimsótti fagstjóri samstarfsskóla Ferðamálastólans og Hótél- og matvælastólans í Turku og Rovaniemi í Finnlandi í þeim tilgangi að efla tengsl milli stofnananna og einnig að kynna starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja sem sýnt hafa áhuga á að taka nema í starfsþjálfun.

Ferðamálaskólinn, haust 2018

Á haustönn 2018 voru 19 nemendur skráðir í nám í Ferðamálaskólanum og þar af aðeins 6 í fullu námi. Nýin-ritaðir nemar voru 12. Um sumarið hafði ný námskipan Starfstengda ferðamálanámsins verið samþykkt af hálfu

menntamálaráðuneytisins sem nám á fjórða þrepi og voru ný áfangageiti og ný námskrá því formlega innleidd á haustönn. Í dagskóla var kenndur ferðamálaáfangi á öðru þrepi, FERÐ2BA05. Engar breyt-

ingar urðu á kennaraliði skólans, en þar sem ekki hafði tekist að ráða nýjan landafræðikennara tók Hildur Jónsdóttir góðfúslega að sér að kenna landafræði tímabundið á komandi skólaári.

Eitt og annað úr skólastarfinu

Í Ferðamálaskólanum er áhersla lögð á að námið sé **hag-nytt** og nemendur fara í vettvangsferðir, heimsóknir í fyrirtæki og fá til sín fyrirlesara úr atvinnulífinu. Gestafyrirlesarar komu m.a. frá Meet in Reykjavík og Safe Travel og farið var í heimsókn til viðburðastjórnunarfyritækisins Concept Events.

Í mars fóru nemendur í ferðalandafræði Íslands í langa dagsferð um Suðurland og skoðuðu marga spennandi ferðamanna-

staði. Haldið var í Raufarhóls- helli, sem skartaði sínu fegursta með dropasteinslaga grýlukertum. Farið var í gróðurhús Friðheima í Biskupstungum, Secret Lagoon á Flúðum, Lava Center á Hvolsvelli, Frost og funa hótelið í Hveragerði og margt fleira. Alls staðar var tekið vel á móti hópnum með fræðandi kynningum og var þetta góður dagur í anda vetrarferða- þjónustu.

Haustönn lauk með hinni hefðbundnu bæjarferð í adventu- byrjun þar sem farið er í fyrirtækjaheimsóknir, rölt um miðbæinn, snæddur léttur kvöldverður og slakað á og spjallað áður en prófatörnin hefst. Ferðin hófst með móttöku og kynningu hjá Iceland Travel. Síðan var hótelið Canopy by Hilton skoðað og einnig veitingastaðurinn Geiri Smart. Að lokum var boðið upp á kvikmyndasýningu í Volcano House.



Innlent samstarf

Hæfnisetur ferðþjónustunnar hefur unnið að því að greina störf í ferðþjónustu í þeim tilgangi að auðvelda uppbyggingu náms og fræðslu í greininni. Á haustönn var fagstjóra Ferðamálastólans boðið að taka þátt í vinnuhópi um greiningu starfs deildarstjóra í mótöku.

Fagstjóri hefur einnig tekið þátt í stýrihópi verkefnis um hagnýta ferðþjónustu ásamt með fulltrúum frá Háskóla

Íslands og Háskólanum á Hólum Þessi vinna helst að miklu leyti í hendur við starf Hæfniseturs ferðþjónustunnar hvað varðar hæfnigreiningar starfa sem lýst er hér að ofan. Eitt af verkefnum stýrihópsins var að láta framkvæma könnun meðal útskrifaðra nemenda á gagnsemi námsins sem þeir hafa útskrifast úr í þessum þremur skólum. Könnunin var

lögð fyrir á haustdögum og voru niðurstöður hennar kynntar um miðjan desember.

Unnið var með Miðstöð símenntunar á Suðurlandi um þróun fagnáms í ferðþjónustu á öðru og þriðja þrepi, en skortur er á slíku námsframboði hér á landi. Því verki er ekki lokið og hugsanlegt að fleiri aðilar muni á næstunni koma að þessu verki.



Sérverkefni skv. skólasamningi

Samkvæmt stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára fyrir Menntaskólann í Kópavogi sér hann um kennslu í Krýsuvík,

og gegnir kjarnaskólahlutverki á sviði hótél- og matvælagreina og ferðagreina. Fjárveitingar til þessara verkefna eru til-

greindar í árlegum heimildum skólans.

Kennsla í Krýsuvík

Kennsla í Krýsuvík á vorönn og haustönn 2018 var með hefðbundnu sniði eins og nokkur undanfarin ár. Ánægja er með starfsemi MK í Krýsuvík og er það mat kennara og meðferðarfulltrúa að kennslan hafi skapað fastan punkt í endurhæfingu heimilismanna. Til þess að kennslan nýtist sem best í meðferðarstarfinu er mikilvægt að hún sé í föstum skordum.

Kennt var á þriðjudögum og fimmtudögum báðar annirnar frá 13:00 til 16:30. Tveir kennarar fara hvorn dag.

Kennslugreinar voru íslenska, enska, félagsfræði og stærðfræði.

Kennarar hafa útbúið áfanga er miðast við þarfir og getu hvers nemandar fyrir sig. Unnið er eftir námskrá sem er sérsniðin fyrir kennsluna í Krýsuvík. Fjöldi heimilismanna hefur

lokið einingum á framhaldsskólastigi áður en þeir voru innritaðir í Krýsuvík. Hafa kennarar komið til móts við þarfir þeirra með því að kenna almenna áfanga á framhaldsskólastigi.

Það hefur sýnt sig að starf Menntaskólans í Kópavogi í Krýsuvík er mikilvægur hlekkur í starfseminni þar.



Fjármál, rekstur, aðbúnaður

Skólinn heldur áfram stefnu sinni að starfa innan fjárheimilda. Frávik verði ekki umfram 4%. Á árinu 2018 varð rekstrarafgangur ársins 2.487.204 kr.

Launagreiðslur eru í samræmi við gildandi kjarasamninga. Launagreiðslur voru á árinu 2018, 77.48% af heildarrekstrarkostnaði skólans.

Leitað var tilboða/útboða í allar helstu rekstrarvörur.





Fjárheimildir 2018

Stofnun:02308 - Menntaskólinn í Kópavogi
Fjárheimildir 2018

	Fjárfesting	Frestaðar tekjur	Rekstur	Samtals
A1 - Fjárlög				
Fjárveiting skv. fylgiriti fjárlaga 2018	31,700,000	-	1,207,900,000	1,239,600,000
Fjáráukalög 2018	8,300,000	-	-8,300,000	0
AA - Millifært vegna launabóta				
Bætur 2017-lög-Emat-7-OEBS	-	-	24,300,000	24,300,000
Endurmat launareiknings fjárlaga ársins 2017 á ársgrundvelli.	-	-	3,100,000	3,100,000
Endurmat launareiknings fjárlaga ársins 2018 m.t.t. kjarasamn.	-	-	-400,000	-400,000
Launaendurmat 2018: Samkomulag MMR og KÍ	-	-	11,400,000	11,400,000
Launaendurmat 2018: Samkomulag MMR og KÍ	-	-	-3,600,000	-3,600,000
AD - Framlag til afskrifta				
Framlag til afskrifta	-	-25,025,500	25,025,500	0
Ráðstöfun framlags	-14,818,386	14,818,386	-	0
AH - Millifært milli fjárlagaliða				
Uppgjör vegna starfsbrauta í framhaldsskólum v. 2018	-	-	4,350,944	4,350,944
Áætlað framlag vegna námsorlofa í framhaldssk. á V-2018	-	-	9,599,571	9,599,571
Áætlað framlag vegna námsorlofa í framhaldssk. vegna H-2018	-	-	2,865,586	2,865,586
Uppgjör á framlagi námsorlofa í framhaldsskólum vegna 2018	-	-	1,912,853	1,912,853
AL - Millifært milli tímabila				
Flutt frá tímabili 12-18	1,042,309	-	-	1,042,309
Ráðstöfun framlags	-1,042,309	-	-	-1,042,309
AR - Flutt frá fyrra ári				
Flutt fjárv. frá fyrra ári	-	-	28,629,375	28,629,375
	25,181,614	-10,207,114	1,306,783,829	1,321,758,329



Rekstur 2018

Drög að yfirliti um afkomu 2018

miðað við bókhald 01.03.2019

Tekjur	Rauntölur	Rekstraráætlun	Frávik	%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1,278,154,454	1,268,074,150	-10,080,304	-0.8%
Framlag ríkissjóðs til fjárfestinga	-45,606,201	-37,450,000	8,156,201	-21.8%
Sértekjur	153,544,279	118,984,573	-34,559,706	-29.0%
Aðrar rekstrartekjur	12,771,500	14,269,000	1,497,500	10.5%
Samtals	1,398,864,032	1,363,877,723	-34,986,309	-2.6%
Gjöld				
Laun	-1,083,901,431	-1,091,651,709	7,750,278	-0.7%
Ferðir og fundir	-15,796,874	-11,251,446	-4,545,428	40.4%
Rekstrarvörur	-68,032,246	-65,678,955	-2,332,402	3.6%
Aðkeypt þjónusta	-40,836,990	-35,157,080	-5,679,910	16.2%
Húsnæði	-159,435,217	-145,605,303	-13,829,914	9.5%
Rekstrarkostnaður	-28,374,070	-24,140,986	4,233,084	-17.5%
Samtals	-1,396,376,828	-1,373,485,479	-14,404,292	

Áætluð afkoma (tap) ársins

2,487,204



Stjórnendur

Margrét Friðriksdóttir	Skólameistari
Helgi Kristjánsson	Aðstoðarskólameistari
Baldur Sæmundsson	Áfangastjóri verknáms
Helene H. Pedersen	Áfangastjóri bóknáms

Skólanefnd

Aðalmenn án tilnefningar

María Guðjónsdóttir
Magnea Lilly Friðgeirsdóttir
Steinþór Jónsson

Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Kópavogsbæjar

Flosi Eiríksson formaður
Guðmundur Birkir Þorkelsson

Varamenn án tilnefningar

Theodór Bender
Pétur Magnús Birgisson
Andri Steinn Hilmarsson

Varamenn samkvæmt tilnefningu Kópavogsbæjar

Anna María Bjarnadóttir
Jón Guðlaugur Magnússon

Áheyrnarfulltrúi kennara

Gerður Bjarnadóttir

Áheyrnarfulltrúi foreldra

Sigríður H. Hrafnkelsdóttir

Áheyrnarfulltrúi nemenda

Formaður nemendafélags, Snorri Sævar Konráðsson

Kennarar

Adolf Hólm Petersen	Félagsgreinar
Aleksandra Kojic	Félagsfræði
Aníta Gústafsdóttir	Næringarfræði og efnafræði
Anna Fanney Ólafsdóttir	Stærðfræði
Ása Sigurlaug Harðardóttir	Landfræði á vorönn
Ásgeir Þór Tómasson	Bakariðn
Ásgrímur Guðmundsson	Raungreinar á vorönn
Ásthildur Guðmundsdóttir	Bakariðn
Bárður Guðlaugsson	Framreiðsla
Bergrós Ásgeirsdóttir	Franska
Caroline Nicholson	Enska
Elín Guðmannsdóttir	Efnafræði
Elísa Björg Þorsteinsdóttir	Saga á vorönn
Elísabet Björnsdóttir	Enska
Elisabeth Saguar	Spænska
Eva Hrönn Stefánsdóttir	Enska
Eygló Ingólfssdóttir	Sérkennsla
Friðrik Hafberg	Upplýsingatækni og tölvuumsjón á vorönn
Gardar Gíslason	Félagsfræði
Gardar Vilhjálmsson	Viðskiptagreinar og gæðastjóri
Gerður Bjarnadóttir	Íslenska námsleyfi á vorönn
Guðbjörn Sigurmundsson	Íslenska

Kennarar

Guðjón Snæfeld Magnússon	Skyndihjálp
Guðlaug Ragnarsdóttir	Matvælagreinar
Guðmundur Guðmundsson	Matreiðsla
Guðný Pálsdóttir	Enska námsleyfi á haustönn
Guðríður Hrund Helgadóttir	Þýska
Guðrún Angantýsdóttir	Stærðfræði
Hallgrímur Sæmundsson	Framreiðsla
Harpa María Wenger Eiríksdóttir	Ferðafræði
Heiðrún Hjaltadóttir	Enska
Heimir Freyr Hálfðanarson	Íslenska
Helena Halldórsdóttir	Sálfræði, forvarnarfulltrúi
Helena Björk Magnúsdóttir	Þýska
Hermann Þór Marinósson	Matreiðsla
Hildur Guðrún Hauksdóttir	Danska
Hildur Jónsdóttir	Landafræði á vorönn
Hjördis Einarsdóttir	Félagsfræði leyfi
Hugó Rasmus	Stærðfræði
Inga Karlsdóttir	Fjarvistarfulltrúi, íslenska fyrir útlendinga
Ingibjörg Haraldsdóttir	Eðlisfræði
Ingibjörg Karlsdóttir	Jarðfræði
Íris Mjöll Ólafsdóttir	Upplýsingatækni og tölvuumsjón námsleyfi á vorönn
Jóhanna Hinriksdóttir	Danska á vorönn
Jóhannes Geir Númason	Kjötiðn

Kennarar

Jón Eggert Bragason	Stærðfræði, raungreinar
Karitas Sif Halldórsdóttir	Tölvur á haustönn
Kristín Bjartmarsdóttir	Ferðagreinar og viðskiptagreinar
Laufey Ófeigsdóttir	Sálfræði
Margrét S. Sigbjörnsdóttir	Matartæknar
Margrét S. Sigurðardóttir	Líffræði
María Hjálmtýsdóttir	Spænska
Nanna Andrésdóttir	Sérkennsla
Neil McMahon	Enska á vorönn
Ólafur Þór Þorsteinsson	Sagnfræði
Ólöf Björg Kristjánsdóttir	Fatahönnun og viðskiptagreinar
Ragnar Wessman	Matreiðsla
Ragnheiður Lárusdóttir	Lífsleikni, íslenska
Reynir Þór Eggertsson	Danska og íslenska vorönn
Sara Pétursdóttir	Íslenska
Sigmar Pétursson	Framreiðsla
Sigríður Þórðardóttir	Íslenska
Sigrún Guðmundsdóttir	Viðskiptagreinar
Sigrún Óskarsdóttir	Viðskiptagreinar og stærðfræði
Sigurður Daði Friðriksson	Matreiðsla
Sigurlaug Rúnarsdóttir	Danska
Silja Brá Guðlaugsdóttir	Framreiðsla
Soffía Ófeigsdóttir	Íslenska

Kennarar

Sólveig Ebba Ólafsdóttir	Stærðfræði
Stefán Svavarsson	Saga
Unnsteinn Hjørleifsson	Matreiðsla
Vilhjálmur Þór Sigurjónsson	Stærðfræði
Þórir Bergsson	Viðskiptagreinar

Aðrir starfsmenn

Anna Blicharz	Þjónustuliði
Ásdis Óskarsdóttir Vatnsdal	Fagstjóri ferðamálanáms
Daníel Ingi Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi
Díana Rut Árnadóttir	Þjónustuliði
Dóra Björg Jónsdóttir	Fulltrúi
Dorota Piotrowska	Mötuneyti
Ernesta Cibulskiene	Matráður
Geirlaug Ingólfssdóttir	Þjónustuliði
Guðni Jónsson	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Sigríður Helgadóttir	Námsráðgjafi
Gunnfríður Friðriksdóttir	Þjónustuliði
Halldór Eyþórsson	Þjónustufulltrúi, innkaup
Kristín Hrönn Þráinsdóttir	Fagstjóri leiðsögunáms
Ingibjörg Jónsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Jóhanna Aradóttir	Félagslífs- og mætingarfulltrúi
Jóhanna Jónsdóttir	Starfsbraut
Jón Ingvar Valdimarsson	Netstjóri
Magnea Þorbjörg Einarsdóttir	Þjónustuliði
Maria Lilebeth T. Oriol	Þjónustuliði
Miranda Dorota Borowska	Mötuneyti
Pawel G. Piotrowski	Þjónustuliði
Ragna Gísladóttir	Ræstingastjóri
Sigríður Guðrún Sveinsdóttir	Náms- og skrifstofustjóri
Steini Þorvaldsson	Fjármálastjóri
Svetlana Pushkar	Mötuneyti
Wioletta Mierzejewska	Þjónustuliði
Þórarinn Halldórsson	Þjónustufulltrúi, umsjón
Þórdís Þórisdóttir	Námsráðgjafi

Útskriftarnemar, dagskóli vor 2018



Útskriftarnemar, dagskóli haust 2018



